

## Fundargerð

Árið 2023, mánudaginn 18. september kl. 09:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### 1. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Lögð voru fram til kynningar drög að uppfærðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2023, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2022 vegna tekna úr ríkissjóði og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2023 vegna framlaga sem tengjast yfirfærslu grunnskóla og fatlaðs fólks.

### 2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2024

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 1.196 ma.kr. á árinu 2024 og áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2023 verði 2.386 ma.kr. vegna tekna úr ríkissjóði. Álagningarstofn útsvars vegna tekna 2024 er áætlaður 2.537 ma.kr. vegna framlaga sem tengjast yfirfærslu grunnskóla og fatlaðs fólks.

## YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

### 3. Greiðslu- og rekstraráætlun yfirfærslu grunnskóla 2024

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2024 vegna yfirfærslu grunnskólans. Fram kemur í áætluninni að áætlað ráðstöfunarfjármagn verkefnisins á árinu 2024 nemur 19.535,1 m.kr. Áætluð gjöld verkefnisins á árinu nema sömu fjárhæð en óráðstöfuð fjárhæð nemur 428,3 m.kr.

#### 4. Almenn grunnskólaframlög

##### Áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2024, skv. 3. gr. reglugerðar 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 14.600 m.kr. á árinu 2024. Við bætast áætlaðar leiðréttingar að upphæð 60 m.kr. vegna ársins 2022. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 14.660 m.kr. á árinu 2024.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2024:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2023.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2023.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2022 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2023.

*Að umfjöllun lokinni var ákveðið að fresta afgreiðslu til næsta fundar.*

#### 5. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

##### Endanleg áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegum framlögum vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2023. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nema um 3.038 m.kr.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2023, samtals að fjárhæð 3.038 m.kr.*

#### 6. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna

##### Fyrsta áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2024. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nema um 3.248 m.kr.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2024, samtals að fjárhæð 3.248 m.kr.*

## 7. Framlög vegna ÍSAT

### Áætlun framlaga 2024

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2024. Alls hafa verið sendar inn umsóknir frá sveitarfélögum vegna 4.114 nemenda. Búast má við einhverjum fjölda síðbúinna umsókna og því gæti þessi fjöldi breyst.

Lagt er til að einingaverð verði hækkað úr 170.000 kr. í 206.419 kr. og að heildarfjárhæð framlagsins nemi 849 m.kr.

*Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um hækkun einingaverðs í 206.419 kr. og áætlaða úthlutun framlaga vegna íslensku sem annað tungumál á árinu 2024, að fjárhæð 849 m.kr.*

## **FRAMLÖG VEGNA YFIRFÆRSLU Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS**

## 8. Greiðslu- og rekstraráætlun málefni fatlaðs fólks

Ákveðið að fresta til næsta fundar.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 10:30.

---

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Hrund Pétursdóttir

---

Dan Jens Brynjarsson

---

Hörður Hilmarsson

---

Friðjón Einarsson

---

Theódóra S. Þorsteinsdóttir